

TILSKIPUN EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS 2009/128/EB

2014/EES/67/134

frá 21. október 2009

um aðgerðaramma Bandalagsins til að ná fram sjálfbærri notkun varnarefna (*)

EVROÞUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFU,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 1. mgr. 175. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndar Evrópubandalaganna⁽¹⁾,með hliðsjón af álitum svæðanefndarinnar⁽²⁾,í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 251. gr. sáttmálans⁽³⁾,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í samræmi við 2. og 7. gr. ákvörðunar Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1600/2002/EB frá 22. júlí 2002 um sjöttu aðgerðaáætlun Bandalagsins á sviði umhverfismála⁽⁴⁾ skal koma á sameiginlegum lagaramma til að ná fram sjálfbærri notkun varnarefna, að teknu tilliti til varúðar- og forvarnarnálgana.
- 2) Sem stendur skal þessi tilskipun gilda um varnarefni sem eru plöntuverndarvörur (áður þýtt sem plöntuvarnarefni). Hins vegar er gert ráð fyrir að gildissvið þessarar tilskipunar verði rýmkað þannig að það nái einnig yfir sæfivörur.
- 3) Ráðstafanirnar sem kveðið er á um í þessari tilskipun skulu koma til fyllingar þeim ráðstöfunum sem mælt er

fyrir um í annarri tengdri löggjöf Bandalagsins en ekki hafa áhrif á þær, einkum tilskipun ráðsins 79/409/EBE frá 2. apríl 1979 um varðveislu villtra fugla⁽⁵⁾, tilskipun ráðsins 92/43/EBE frá 21. maí 1992 um varðveislu vistgerða og villtra plantna og dýra⁽⁶⁾, tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/60/EB frá 23. október 2000 um aðgerðaramma Bandalagsins um stefnu í vatnsmálum⁽⁷⁾, reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 frá 23. febrúar 2005 um hámarksgildi fyrir varnarefnaleifar í eða á matvælum og fóðri úr plöntu- og dýraríkinu og um breytingu á tilskipun ráðsins 91/414/EBE⁽⁸⁾ og reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 frá 21. október 2009 um setningu plöntuvarnarefna á markað⁽⁹⁾. Þessar ráðstafanir skulu ekki heldur hafa áhrif á ráðstafanir sem varða reglugerðir fyrir uppbyggingarsjóði eða reglugerð ráðsins (EB) nr. 1698/2005 frá 20. september 2005 um stuðning Dreifbýlisþróunarsjóðs evrópsks landbúnaðar (EAFRD) við dreifbýlisþróun⁽¹⁰⁾.

- 4) Efnahagsleg stjórn tæki geta gegnt lykilhlutverki í því að ná markmiðum sem varða sjálfbæra notkun varnarefna. Því ætti að hvetja til beitingar slíkra stjórn tækja á viðeigandi stigi en jafnframt leggja áherslu á að aðildarríkin geti hvert fyrir sig tekið ákvarðanir um beitingu þeirra, með fyrirvara um gildissvið reglna um ríkisaðstoð.
- 5) Aðildarríki skulu nota landsbundnar aðgerðaáætlanir, þar sem miðað er að því að setja fram meginleg markmið, takmörk, ráðstafanir, tímaáætlanir og vísa til að draga úr áhættu og áhrifum af notkun varnarefna á heilbrigði manna og á umhverfið og hvetja til þróunar og upptöku samþættra varna gegn skaðvöldum og annars konar aðferða eða nálgana, sem miða að því að draga úr þörf fyrir notkun varnarefna, til að auðvelda framkvæmd þessarar tilskipunar. Aðildarríki skulu vakta notkun plöntuverndarvara, sem innihalda virk efni sem gefa sérstaklega tilefni til áhyggna, og ákvarða tímaáætlanir og takmörk í því augnamiði að draga úr notkun þeirra, einkum þegar það er viðeigandi leið til að ná

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 309, 24.11.2009, bls. 71. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 208/2014 frá 30. september 2014 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, bíður birtingar.

(1) Stjtið. ESB C 161, 13.7.2007, bls. 48.

(2) Stjtið. ESB C 146, 30.6.2007, bls. 48.

(3) Álit Evrópuþingsins frá 23. október 2007 (Stjtið. ESB C 263 E, 16.10.2008, bls. 158), sameiginleg afstaða ráðsins frá 19. maí 2008 (Stjtið. ESB C 254 E, 7.10.2008, bls. 1) og afstaða Evrópuþingsins frá 13. janúar 2009 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindunum). Ákvörðun ráðsins frá 24. september 2009.

(4) Stjtið. EB L 242, 10.9.2002, bls. 1.

(5) Stjtið. EB L 103, 25.4.1979, bls. 1.

(6) Stjtið. EB L 206, 22.7.1992, bls. 7.

(7) Stjtið. EB L 327, 22.12.2000, bls. 1.

(8) Stjtið. ESB L 70, 16.3.2005, bls. 1.

(9) Stjtið. ESB L 309, 24.11.2009, bls. 1.

(10) Stjtið. ESB L 277, 21.10.2005, bls. 1.

markmiðum um að draga úr áhættu. Samræma skal landsbundnar aðgerðaáætlanir framkvæmdaáætlunum sem kveðið er á um samkvæmt annarri viðeigandi löggjöf Bandalagsins og hægt skal vera að nota þær til að sameina markmið sem eiga að nást samkvæmt annarri löggjöf Bandalagsins varðandi varnarefni.

- 6) Upplýsingaskipti um markmið og aðgerðir, sem aðildarríki mæla fyrir um í landsbundnum aðgerðaáætlunum sínum, eru mjög mikilvægur liður í að ná markmiðum þessarar tilskipunar. Því þykir rétt að fara fram á að aðildarríkin gefi framkvæmdastjórninni og hinum aðildarríkjunum skýrslu reglulega, einkum að því er varðar framkvæmd og árangur landsbundinna aðgerðaáætlana þeirra ásamt reynslunni sem þau hafa öðlast. Á grundvelli upplýsinga sem aðildarríkin hafa sent skal framkvæmdastjórnin leggja viðeigandi skýrslur fyrir Evrópuþingið og ráðið ásamt tillögum, ef þörf er á, að nýrri löggjöf.
- 7) Við undirbúning og breytingar á landsbundnum aðgerðaáætlunum er rétt að kveða á um beitingu tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2003/35/EB frá 26. maí um þátttöku almennings, að því er varðar gerð tiltekinn skipulags- og framkvæmdaáætlana um umhverfið ⁽¹⁾.
- 8) Nauðsynlegt er að aðildarríki komi á fót bæði grunn- og viðbótarþjálfunarkerfum fyrir dreifingaraðila, ráðgjafa og þá sem nota varnarefni í atvinnuskyni, ásamt vottunarkerfum til að halda skrár yfir slíka þjálfun, svo að þeir sem nota eða eiga eftir að nota varnarefni séu fyllilega meðvitaðir um þá hugsanlegu áhættu sem heilbrigði manna og umhverfinu stafar af þeim, og um viðeigandi ráðstafanir til að draga úr þeirri áhættu eins mikið og unnt er. Hægt er að samræma þjálfunarstarfsemi fyrir notendur í atvinnurekstri þeirri sem er skipulögð innan ramma reglugerðar (EB) nr. 1698/2005.
- 9) Sala varnarefna, þ.m.t. sala í gegnum Netið, er mikilvægur hluti af dreifingarkeðjunni og þegar sala fer fram skal veita endanlegum notendum, einkum þeim sem nota varnarefni í atvinnuskyni, sértæka ráðgjöf um öryggisleiðbeiningar varðandi heilbrigði manna og umhverfið. Ef um er að ræða notendur, sem ekki nota efnin í atvinnuskyni, sem hafa almennt séð ekki jafn mikla menntun og þjálfun skal veita þeim ráðleggingar, einkum varðandi örugga meðhöndlun og geymslu varnarefna og förgun umbúða þeirra.
- 10) Að teknu tilliti til hugsanlegrar áhættu sem stafar af notkun varnarefna skal upplýsa almenning betur um heildaráhrifin af notkun varnarefna með herferðum til vitundarvakningar, upplýsingum sem smásalar miðla og öðrum viðeigandi ráðstöfunum.
- 11) Stuðla skal að rannsóknaráætlunum sem er ætlað að ákvarða áhrifin af notkun varnarefna á heilbrigði manna og umhverfið, þ.m.t. rannsóknir á hópum sem eru í mikilli áhættu, á evrópskum og landsbundnum vettvangi.
- 12) Að svo miklu leyti sem meðhöndlun og notkun varnarefna krefst þess að settar séu lágmarkskröfur um heilbrigði og öryggi á vinnustaðnum, sem ná yfir áhættu vegna váhrifa á starfsmenn af völdum slíkra efna, auk almennra og sértækra forvarnarráðstafana til að draga úr slíkri áhættu, falla þær ráðstafanir undir tilskipun ráðsins 98/24/EB frá 7. apríl 1998 um að tryggja öryggi og vernda heilsu starfsmanna gegn áhættu vegna efnafraðilegra áhrifavalda á vinnustað ⁽²⁾ og tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/37/EB um verndun starfsmanna gegn áhættu vegna váhrifa af völdum krabbameinsvalda eða stökkbreytivalda á vinnustöðum ⁽³⁾.
- 13) Í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/42/EB frá 17. maí 2006 um vélarbúnað ⁽⁴⁾ er kveðið á um reglur um setningu búnaðar fyrir notkun varnarefna á markað, sem tryggja að umhverfiskröfur séu uppfylltar, og þar af leiðandi þykir rétt, í því skyni að lágmarka skaðleg áhrif af varnarefnum á heilbrigði manna og umhverfið af völdum slíks búnaðar, að mæla fyrir um kerfi fyrir reglulega tækniskoðun búnaðar fyrir notkun varnarefna sem er nú þegar í notkun. Aðildarríki skulu lýsa því í landsbundnum aðgerðaáætlunum sínum hvernig þau ætla að sjá til þess að þessar kröfur verði framkvæmdar.
- 14) Varnarefnaúðun úr lofti getur haft umtalsverð, skaðleg áhrif á heilbrigði manna og umhverfið, einkum við úðareki. Þar af leiðandi ætti úðun úr lofti almennt að vera bönnuð, með möguleika á undanþágum í þeim tilvikum þegar hún hefði augljósa kosti þegar kæmi að því að draga úr áhrifum á heilbrigði manna og umhverfið í samanburði við aðrar úðunaraðferðir, eða þegar engir aðrir hagkvæmir valkostir eru fyrir hendi, að því tilskildu að besta, fánlega tækni sé notuð til að draga úr úðareki.
- 15) Vatnsumhverfi er sérstaklega viðkvæmt fyrir varnarefnum. Því er nauðsynlegt að leggja sérstaka áherslu á að forðast mengun yfirborðsvatns og grunnvatns með því að gera viðeigandi ráðstafanir, svo sem að koma á fót verndarbeltum (e. *buffer zone*) og varðbeltum (e. *safeguard zone*) eða að gróðursetja limgerði meðfram yfirborðsvötnum til að draga úr váhrifum á vatnshlot af úðareki, framræslu og afrennsli. Stærð verndarbelta skal einkum fara eftir einkennum jarðvegs og eiginleikum varnarefna, auk einkenna þess landbúnaðar sem er stundaður á viðkomandi svæðum. Notkun varnarefna á svæðum sem eru ætluð til töku drykkjarvatns, á eða meðfram samgönguleiðum á borð við járnbrautarspor, eða á þéttu eða mjög gagndræpu yfirborði

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 156, 25.6.2003, bls. 17.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 131, 5.5.1998, bls. 11.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 158, 30.4.2004, bls. 50.

⁽⁴⁾ Stjtið. ESB L 157, 9.6.2006, bls. 24.

- getur leitt til aukinnar áhættu á mengun vatnsumhverfisins. Á slíkum svæðum skal því halda notkun varnarefna í lágmarki eða banna notkun þeirra alfarið, ef við á.
- 16) Notkun varnarefna getur verið sérstaklega hættuleg á mjög viðkvæmum svæðum, t.d. svæðum í Evrópuneti verndarsvæða, sem eru vernduð í samræmi við tilskipanir 79/409/EBE og 92/43/EBE. Á ýmsum öðrum stöðum, t.d. almenningsgördum, íþrótta- og tómstundasvæðum, skólalóðum og leikvöllum, og í næsta nágrenni við heilbrigðisstofnanir, er mikil áhætta á váhrifum af völdum varnarefna. Á þeim svæðum skal notkun varnarefna haldið í lágmarki eða hún bönnuð. Þegar varnarefni eru notuð skal gera viðeigandi ráðstafanir til að draga úr áhættu og kanna fyrst hvort nota megi áhættulítill varnarefni og lífrænar varnarráðstafanir.
- 17) Einkum er hætt við óæskilegum váhrifum á menn og umhverfið meðan á meðhöndlun varnarefna stendur, þ.m.t. geymsla, þynning og blöndun varnarefnanna og hreinsun búnaðar fyrir notkun varnarefna að lokinni notkun, auk endurnýtingar og förgunar á tankblöndum, tómunum umbúðum og varnarefnaleifum. Því er rétt að kveða á um sértækar ráðstafanir sem taka til þessarar starfsemi, til viðbótar þeim ráðstöfunum sem kveðið er á um í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/12/EB frá 5. apríl 2006 um úrgang ⁽¹⁾ og tilskipun ráðsins 91/689/EBE frá 12. desember 1991 um hættulegan úrgang ⁽²⁾. Ráðstafanir skulu einnig ná til notenda, sem nota efnin ekki í atvinnuskyni, þar eð mjög líklegt er að röng notkun eigi sér stað meðal þess hóps vegna þess að hann skortir þekkingu.
- 18) Beiting almennra meginreglna og viðmiðunarreglna, sem lúta að tilteknum nýtjaplöntutegundum og geirum að því er varðar samþættar varnir gegn skaðvöldum, af hálfu allra bænda hefði í för með sér markvissari notkun á öllum tiltækum vörnum gegn meindýrum, þ.m.t. varnarefni. Þar af leiðandi stuðlar það að því að draga frekar úr áhættu gagnvart heilbrigði manna og umhverfinu og þörfinni fyrir notkun varnarefna. Aðildarríki skulu stuðla að vörnum gegn skaðvöldum sem fela í sér litla notkun varnarefna, einkum samþættum vörnum gegn skaðvöldum, og ákvarða nauðsynleg skilyrði og ráðstafanir fyrir framkvæmd þeirra.
- 19) Á grundvelli reglugerðar (EB) nr. 1107/2009 og þessarar tilskipunar er skylda að framkvæma meginreglur samþættra varna gegn skaðvöldum og nálægðarreglan gildir um það hvernig meginreglurnar um samþættar varnir gegn skaðvöldum eru framkvæmdar. Aðildarríki skulu lýsa því í landsbundnum aðgerðaáætlunum sínum hvernig þau hyggjast sjá til þess að meginreglur samþættra varna gegn skaðvöldum komi til framkvæmda og plöntuverndaraðferðir, sem ekki byggjast á notkun efna, sem og varnir gegn skaðvöldum og uppskerustjórnun skulu hafa forgang ef mögulegt er.
- 20) Nauðsynlegt er að mæla árangurinn sem náðst hefur við að draga úr áhættu og skaðlegum áhrifum af notkun varnarefna á heilbrigði manna og umhverfið. Viðeigandi leið til þess er að ákvarða samræmda áhættuvísa á vettvangi Bandalagsins. Aðildarríki skulu nota þá vísa við áhættustjórnun á landsvísu og við skýrslugjöf en framkvæmdastjórnin skal reikna út vísa til að meta árangur á vettvangi Bandalagsins. Nota skal tölfræðileg gögn sem hefur verið aflað í samræmi við löggjöf Bandalagsins varðandi tölfræðilegar upplýsingar um plöntuverndarvörur. Auk samræmdra, sameiginlegra áhættuvísa skulu aðildarríki eiga rétt á að nota sína landsbundnu vísa.
- 21) Aðildarríkin skulu ákvarða viðurlög við brotum gegn ákvæðum landslaga, sem eru samþykkt samkvæmt þessari tilskipun, og sjá til þess að þessum viðurlögum sé hrint í framkvæmd. Þessi viðurlög skulu vera skilvirk, í réttu hlutfalli við brotið og letjandi.
- 22) Þar eð aðildarríkin geta ekki fyllilega náð markmiði þessarar tilskipunar, þ.e. að vernda heilbrigði manna og umhverfið fyrir hugsanlegri áhættu tengdri notkun varnarefna, og þeim verður því betur náð á vettvangi Bandalagsins, er Bandalaginu heimilt að samþykkja ráðstafanir í samræmi við nálægðarregluna eins og kveðið er á um í 5. gr. sáttmálans. Í samræmi við meðalhófsregluna, eins og hún er sett fram í þeirri grein, er ekki gengið lengra en nauðsyn krefur í þessari tilskipun til að ná þessu markmiði.
- 23) Í þessari tilskipun eru grundvallarréttindi virt og þeim meginreglum fylgt sem eru einkum viðurkenndar í sáttmála Evrópusambandsins um grundvallarréttindi. Í þessari tilskipun er sérstaklega leitast við að stuðla að því að fella öfluga umhverfisvernd inn í stefnumál Bandalagsins í samræmi við meginregluna um sjálfbæra þróun sem mælt er fyrir um í 37. gr. þess sáttmála.
- 24) Nauðsynlegar ráðstafanir til framkvæmdar þessari tilskipun skulu samþykktar í samræmi við ákvörðun ráðsins 1999/468/EB frá 28. júní 1999 um reglur um meðferð framkvæmdavalds sem framkvæmdastjórninni er falið ⁽³⁾.
- 25) Framkvæmdastjórnin skal einkum hafa vald til að taka saman og uppfæra viðaukana við þessa tilskipun. Þar sem þessar ráðstafanir eru almenns eðlis og þeim er ætlað að breyta veigalitlum þáttum þessarar tilskipunar, m.a. með því að bæta við hana nýjum, veigalitlum þáttum, skulu þær samþykktar í samræmi við reglunefndarmeðferð með grannskoðun sem kveðið er á um í 5. gr. a í ákvörðun 1999/468/EB.

⁽¹⁾ Stjórn. ESB L 114, 27.4.2006, bls. 9.⁽²⁾ Stjórn. EB L 377, 31.12.1991, bls. 20.⁽³⁾ Stjórn. EB L 184, 17.7.1999, bls. 23.

26) Í samræmi við 34. lið samstarfssamningsins milli stofnana um betri lagasetningu ⁽¹⁾ eru aðildarríkin hvött til þess, bæði í eigin þágu og í þágu Bandalagsins, að taka saman og birta sínar eigin töflur sem sýna, eftir því sem kostur er, samsvörun milli þessarar tilskipunar og lögleiðingarráðstafana þeirra.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

I. KAFLI

ALMENN ÁKVÆÐI

1. gr.

Efni

Í þessari tilskipun er kveðið á um ramma til að ná fram sjálfbærri notkun varnarefna með því að draga úr áhættu og áhrifum af notkun varnarefna á heilbrigði manna og umhverfið og stuðla að samþættum vörnum gegn skaðvöldum og að annars konar aðferðum eða nálgunum, t.d. valkostum sem ekki byggjast á notkun varnarefna.

2. gr.

Gildissvið

1. Þessi tilskipun gildir um varnarefni sem eru plöntuverndarvörur eins og skilgreint er í a-lið 10. liðar 3. gr.

2. Þessi tilskipun gildir með fyrirvara um önnur ákvæði löggjafar Bandalagsins sem við eiga.

3. Ákvæði þessarar tilskipunar skulu ekki aftra aðildarríkjum frá því að beita varúðarreglunni þegar kemur að því að takmarka eða banna notkun varnarefna við tiltekna aðstæður eða á tilteknum svæðum.

3. gr.

Skilgreiningar

Í þessari tilskipun er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1. „sá sem notar efni í atvinnuskyni“: hver sá aðili sem notar varnarefnið við atvinnustarfsemi sína, þ.m.t. sá sem dreifir varnarefninu (e. *operator*), tæknimenn, vinnuveitendur og sjálfstætt starfandi fólk, hvort sem er í búskap eða í öðrum geirum,

2. „dreifingaraðili“: einstaklingur eða lögaðili sem býður varnarefni fram á markaði, þ.m.t. heildsalar, smásalar, sölumenn og birgjar,

3. „ráðgjafi“: aðili sem hefur öðlast fullnægjandi þekkingu og veitir ráðgjöf um varnir gegn skaðvöldum og örugga notkun varnarefna í samhengi við faglega getu eða í atvinnuskyni, þ.m.t. einkarekin og opinber ráðgjafarþjónusta, umboðsaðilar, matvælaframleiðendur og smásalar, eftir atvikum,

4. „búnaður fyrir notkun varnarefna“: búnaður sem er sérstaklega ætlaður til notkunar varnarefna, þ.m.t. fylgihlutir sem eru nauðsynlegir til að slíkur búnaður virki eðlilega, svo sem stútar, þrýstimælar, síur, sigti og hreinsunarbúnaður fyrir tanka,

5. „úðun úr lofti“: notkun varnarefna úr loftfari (flugvél eða þyrlu),

6. „samþættar varnir gegn skaðvöldum“: vandleg athugun á öllum tiltækum plöntuverndaraðferðum og í kjölfarið samþætting viðeigandi ráðstafana sem halda aftur af þróun stofna skaðlegra lífvera og halda notkun plöntuverndarvara og annarra afskipta innan efnahagslega og vistfræðilega réttlætanlegra marka og sem draga úr eða lágmarka áhættu fyrir heilbrigði manna og umhverfið. Með samþættum vörnum gegn skaðvöldum er lögð áhersla á vöxt heilbrigðrar uppskeru með lágmarksröskun fyrir landbúnaðarvistkerfi og hvatt til náttúrulegra eftirlitskerfa með skaðvöldum,

7. „áhættuvísir“: niðurstaða reikniaðferðar sem er notuð til að meta áhættu fyrir heilbrigði manna og/eða umhverfið vegna varnarefna,

8. „aðferðir sem ekki byggjast á notkun efna“: aðferðir sem geta komið í stað efnafræðilegra varnarefna þegar kemur að plöntuvernd og vörnum gegn skaðvöldum, byggðar á landbúnaðaraðferðum á borð við þær sem um getur í 1. lið III. viðauka eða eðlisfræðilegum, vél- eða lífrænum aðferðum við að verjast skaðvöldum,

9. hugtökin „yfirborðsvatn“ og „grunnvatn“ hafa sömu merkingu og í tilskipun 2000/60/EB,

10. „varnarefni“:

a) plöntuverndarvara (áður þýtt sem plöntuvarnarefni) eins og skilgreint er í reglugerð (EB) nr. 1107/2009,

b) sæfivara (áður þýtt sem sæfiefni) eins og hún er skilgreind í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/8/EB frá 16. febrúar 1998 um markaðssetningu sæfiefna ⁽²⁾.

⁽¹⁾ Stjtuð. ESB C 321, 31.12.2003, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtuð. EB L 123, 24.4.1998, bls. 1.

4. gr.

Landsbundnar aðgerðaáætlanir

1. Aðildarríki skulu samþykkja landsbundnar aðgerðaáætlanir í því skyni að ákvarða meginleg markmið, takmörk, ráðstafanir og tímaáætlanir til að draga úr áhættu og áhrifum af notkun varnarefna á heilbrigði manna og á umhverfið, og að hvetja til þróunar og upptöku samþættra varna gegn skaðvöldum og annars konar aðferða eða nálgana sem miða að því að draga úr þörf fyrir notkun varnarefna. Þessi takmörk geta náð yfir mismunandi athugunarefni, t.d. verndun starfsmanna, umhverfisvernd, efnaleifar, notkun tiltekinnar aðferða eða notkun að því er varðar tiltekna nytjaplöntur.

Landsbundnu aðgerðaáætlanirnar skulu einnig ná yfir vísa sem eru notaðir til að vakta notkun plöntuverndarvara sem innihalda virk efni sem gefa sérstaklega tilefni til áhyggna, einkum ef staðgönguefni eru tiltæk. Aðildarríki skulu huga sérstaklega að plöntuverndarvörum, sem innihalda virk efni sem hafa verið samþykkt í samræmi við tilskipun ráðsins 91/414/EBE frá 15. júlí 1991 um markaðssetningu plöntuvarnarefna⁽¹⁾, sem, þegar þau eru háð endurnýjun samþykkis samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1107/2009, munu ekki uppfylla þær viðmiðanir sem þarf fyrir samþykki sem mælt er fyrir um í liðum 3.6 til 3.8 í II. viðauka við þá reglugerð.

Á grundvelli slíkra vísa og að teknu tilliti, eftir því sem við á, til þeirra takmarka sem þegar hafa náðst áður en þessi tilskipun öðlast gildi að því er varðar að draga úr áhættu eða notkun skal einnig ákvarða tímaáætlanir og takmörk um að draga úr notkun, einkum ef minnkuð notkun telst viðeigandi leið til að minnka áhættu með tilliti til þeirra atriða sem hafa forgang skv. c-lið 2. mgr. 15. gr. Þessi takmörk geta verið ýmist til bráðabirgða eða endanleg. Aðildarríki skulu beita öllum nauðsynlegum ráðum sem miða að því að ná þessum takmörkum.

Þegar aðildarríki semja og endurskoða landsbundnu aðgerðaáætlanir sínar skulu þau hafa hliðsjón af áhrifum fyrirhugaðra ráðstafana á heilbrigði, samfélag, efnahag og umhverfi, af sérstökum lands-, svæðis- og staðbundnum skilyrðum og af öllum hópum hagsmunaaðila sem máli skipta. Aðildarríki skulu lýsa því í landsbundnum aðgerðaáætlunum sínum hvernig þau hyggjast framkvæma ráðstafanir skv. 5. til 15. gr. í því skyni að ná markmiðunum sem um getur í fyrstu undirgrein þessarar greinar.

Við gerð landsbundinna aðgerðaáætlana skal taka tillit til áætlana samkvæmt annari löggjöf Bandalagsins um notkun varnarefna, t.d. ráðstafana sem eru fyrirhugaðar samkvæmt tilskipun 2000/60/EB.

2. Aðildarríki skulu senda landsbundnar aðgerðaáætlanir sínar til framkvæmdastjórnarinnar og annarra aðildarríkja í seinasta lagi 26. nóvember 2012.

Endurskoða skal landsbundnar aðgerðaáætlanir á a.m.k. fimm ára fresti og skal tilkynna sérhverjar mikilvægar breytingar á landsbundnum aðgerðaáætlunum til framkvæmdastjórnarinnar án ótilhlýðilegrar tafar.

3. Framkvæmdastjórnin skal leggja skýrslu um upplýsingar sem aðildarríkin hafa sent varðandi landsbundnar aðgerðaáætlanir sínar fyrir Evrópuþingið og ráðið eigi síðar en 26. nóvember 2014. Í skýrslunni skal fjalla um aðferðirnar sem var beitt og afleiðingarnar að því er varðar það að setja mismunandi takmörk í því augnamiði að draga úr áhættu af völdum varnarefna og notkun þeirra.

Framkvæmdastjórnin skal, eigi síðar en 26. nóvember 2018, leggja fyrir Evrópuþingið og ráðið skýrslu um reynslu aðildarríkjanna af framkvæmd landsbundinna takmarka, sem sett hafa verið í samræmi við 1. mgr. í því augnamiði að uppfylla markmið þessarar tilskipunar. Henni mega fylgja tillögur að nýrri löggjöf, ef nauðsyn krefur.

4. Framkvæmdastjórnin skal gera upplýsingar, sem hafa verið lagðar fram í samræmi við 2. mgr., aðgengilegar almenningi á vefsetri.

5. Ákvæðin um þátttöku almennings, sem mælt er fyrir um í 2. gr. tilskipunar 2003/35/EB, gilda um undirbúning og breytingar á landsbundnu aðgerðaáætlunum.

II. KAFLI

ÞJÁLFUN, SALA VARNAREFNA, UPPLÝSINGAR OG VITUNARVAKNING

5. gr.

Þjálfun

1. Aðildarríki skulu sjá til þess að allir þeir sem nota varnarefni í atvinnuskyni, dreifingaraðilar og ráðgjafar hafi aðgang að viðeigandi þjálfun hjá aðilum sem lögbær yfirvöld tilnefna til þess. Í því skal felast bæði grunn- og viðbótarþjálfun til að öðlast þekkingu og auka við hana, eins og við á.

Skipuleggja skal þjálfunina þannig að tryggt sé að notendur, dreifingaraðilar og ráðgjafar öðlist næga þekkingu að því er varðar þau viðfangsefni sem tilgreind eru í I. viðauka, með tilliti til mismunandi hlutverka þeirra og ábyrgðar.

2. Aðildarríki skulu koma á fót vottunarkerfum og tilnefna lögbær yfirvöld sem bera ábyrgð á framkvæmd þeirra eigi síðar en 26. nóvember 2013. Þessi vottorð skulu að lágmarki sanna að þeir sem nota varnarefni í atvinnuskyni, dreifingaraðilar og ráðgjafar hafi aflað nógu mikillar þekkingar á viðfangsefnunum sem tilgreind eru í I. viðauka, annaðhvort með þjálfun eða öðrum leiðum.

(¹) Stjótt. EB L 230, 19.8.1991, bls. 1.

Vottunarkerfi skulu fela í sér kröfur og málsmeðferðarreglur fyrir veitingu, endurnýjun og innköllun vottorða.

3. Samþykkja skal ráðstafanirnar, sem er ætlað að breyta veigalitlum þáttum þessarar tilskipunar, varðandi breytingar á I. viðauka svo að tekið sé tillit til framfara í vísindum og tækni, í samræmi við reglunefndarmeðferð með grannskoðun sem um getur í 2. mgr. 21. gr.

6. gr.

Kröfur er varða sölu á varnarefnum

1. Aðildarríki skulu sjá til þess að dreifingaraðilar hafi í vinnu nógu margt starfsfólk sem er með vottorð sem um getur í 2. mgr. 5. gr. Slíkir einstaklingar skulu vera til taks þegar sala fer fram til að veita viðskiptavinum fullnægjandi upplýsingar að því er varðar notkun varnarefna, áhættu fyrir heilbrigði og umhverfið og öryggisleiðbeiningar til að hafa stjórn á þeirri áhættu hvað viðvíkur efnunum sem um er að ræða. Mjög litlir dreifingaraðilar, sem selja einungis vörur sem ekki eru notaðar í atvinnuskyni, geta hlotið undanþágu ef þeir hafa ekki til sölu varnarefnablöndur sem eru flokkaðar sem eittraðar, mjög eittraðar, krabbameinsvaldandi, stökkbreytandi eða hafa eiturhrif á æxlun samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 1999/45/EB frá 31. maí 1999 um samræmingu ákvæða í lögum og stjórnáskilum um aðildarríkjanna um flokkun, þökkun og merkingu hættulegra efnablandna ⁽¹⁾.

2. Aðildarríki skulu gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að einskorða sölu á varnarefnum, sem eru leyfð til nota í atvinnuskyni, við handhafa vottorða sem um getur í 2. mgr. 5. gr.

3. Aðildarríki skulu gera þá kröfu til dreifingaraðila, sem selja varnarefni til þeirra sem ekki nota efnin í atvinnuskyni, að þeir veiti almennar upplýsingar varðandi áhættuna af notkun varnarefna fyrir heilbrigði manna og umhverfið, einkum um hættu, váhrif, rétta geymslu, meðhöndlun, notkun og örugga förgun í samræmi við löggjöf Bandalagsins um úrgang, auk áhættuminni valkosta. Aðildarríki mega skylda framleiðendur varnarefna til að veita slíkar upplýsingar.

4. Þeim ráðstöfunum sem kveðið er á um í 1. og 2. mgr. skal hafa verið komið á fót í síðasta lagi 26. nóvember 2015.

7. gr.

Upplýsingar og vitundarvakning

1. Aðildarríki skulu gera ráðstafanir til að upplýsa almenning og stuðla að og greiða fyrir upplýsinga- og vitundarvakningaráætlunum og að því að réttar og óhlutdrægar upplýsingar varðandi varnarefni séu aðgengilegar almenningi, einkum að því er varðar áhættu og hugsanlega bráð og langvinn áhrif af notkun þeirra á heilbrigði manna, á líffverur utan markhópsins

og á umhverfið, svo og um notkun valkosta sem ekki byggjast á notkun efna.

2. Aðildarríki skulu koma á fót kerfum til öflunar upplýsinga um tilvik bráðaeitrunar af völdum varnarefna, auk langvinnrar eitrunar þegar hægt er, meðal hópa sem geta orðið reglulega fyrir váhrifum, t.d. þeirra sem dreifa varnarefninu, starfsfólks í landbúnaði eða einstaklinga sem búa nálægt svæðum þar sem varnarefnum er beitt.

3. Til að auka samanburðarhæfi upplýsinga skal framkvæmdastjórnin, í samstarfi við aðildarríkin og fyrir 26. nóvember 2012, vinna stefnumótandi leiðbeiningarskjal um vöktun og eftirlit með áhrifum af notkun varnarefna á heilbrigði manna og umhverfið.

III. KAFLI

BÚNAÐUR FYRIR NOTKUN VARNAREFNA

8. gr.

Skoðun búnaðar í notkun

1. Aðildarríki skulu sjá til þess að búnaður fyrir notkun varnarefna, sem er í notkun í atvinnuskyni, sé tekinn til skoðunar með reglulegu millibili. Millibilið milli skoðana má ekki vera meira en fimm ár fram til ársins 2020 og upp frá því ekki meira en þrjú ár.

2. Aðildarríki skulu sjá til þess að búnaður fyrir notkun varnarefna hafi verið skoðaður a.m.k. einu sinni, eigi síðar en 26. nóvember 2016. Að þeirri dagsetningu liðinni skal eingöngu búnaður fyrir notkun varnarefna, sem hefur staðist skoðun með fullnægjandi hætti, vera í notkun í atvinnuskyni.

Taka skal nýjan búnað til skoðunar a.m.k. einu sinni innan fimm ára frá því að hann er keyptur.

3. Þrátt fyrir 1. og 2. mgr. og að gerðu áhættumati fyrir heilbrigði manna og umhverfið, þ.m.t. mat á umfangi notkunar búnaðarins, er aðildarríkjum heimilt að:

a) nota aðrar tímaáætlanir og skoðunarmillibil fyrir búnað fyrir notkun varnarefna sem ekki er notaður til að úða varnarefnum, fyrir handúðadælur fyrir notkun varnarefna eða úðadælur sem eru bornar á baki og fyrir viðbótarbúnað fyrir notkun varnarefna, sem er notaður mjög takmarkað, sem skal skráður í landsbundnu aðgerðaáætlunum sem um getur í 4. gr.

Eftirfarandi viðbótarbúnaður fyrir notkun varnarefna má aldrei teljast notaður mjög takmarkað:

i. úðunarbúnaður sem er festur á lestir eða loftför,

⁽¹⁾ Stjútö. EB L 200, 30.7.1999, bls. 1.

- ii. bómuúðadælur (e. *boom sprayer*) sem eru stærri en 3 metrar, þ.m.t. bómuúðadælur sem eru festar á sáningarbúnað,

IV. KAFLI

SÉRTÆKAR AÐFERÐIR OG NOTKUN

- b) veita undanþágu frá skoðun fyrir handúðadælur fyrir notkun varnarefna eða fyrir úðadælur sem eru bornar á baki. Í því tilviki skulu aðildarríkin sjá til þess að þeim sem dreifa varnarefninu sé gert viðvart um nauðsyn þess að skipta reglulega um aukabúnað, um tiltekna áhættu sem tengist þeim búnaði og að sá sem dreifir varnarefninu fái þjálfun í rétttri notkun þess búnaðar fyrir notkun varnarefna í samræmi við 5. gr.

9. gr.

Úðun úr lofti

4. Skoðunum er ætlað að staðfesta að búnaður fyrir notkun varnarefna uppfylli viðeigandi kröfur, sem tilgreindar eru í II. viðauka, í þeim tilgangi að ná fram háu verndarstigi fyrir heilbrigði manna og umhverfið.

1. Aðildarríki skulu sjá til þess að úðun úr lofti sé bönnuð.

Gengið skal út frá því að búnaður fyrir notkun varnarefna, sem uppfyllir samhæfða staðla sem þróaðir hafa verið í samræmi við 1. mgr. 20. gr., standist grunnkröfur um heilbrigði, öryggi og umhverfið.

2. Þrátt fyrir 1. mgr. má einungis leyfa úðun úr lofti í sérstökum tilvikum, að því gefnu að eftirfarandi skilyrði séu uppfyllt:

5. Þeir sem nota efnin í atvinnuskyni skulu framkvæma reglulegar kvarðanir og tæknilegt eftirlit með búnaði fyrir notkun varnarefna í samræmi við viðeigandi þjálfun sem þeir hafa hlotið, eins og kveðið er á um í 5. gr.

- a) engir aðrir vænlegir valkostir mega vera fyrir hendi eða kostirnir við þá aðferð verða að vera skýrir þegar kemur að því að minnka áhrifin á heilbrigði manna og umhverfið í samanburði við notkun varnarefna á jörðu niðri,

6. Aðildarríki skulu tilnefna aðila til að bera ábyrgð á að innleiða eftirlitakerfin og tilkynna framkvæmdastjórninni um það.

- b) varnarefnin verða að vera samþykkt af aðildarríkjunum gagnert til þess að vera úðað úr lofti, að gerðu sérstöku mati á áhættunni af úðun úr lofti,

Hvert aðildarríki skal koma á fót vottunarkerfum, sem eru hönnuð í þeim tilgangi að gera kleift að sannprófa skoðanir og viðurkenna vottorð sem veitt eru í öðrum aðildarríkjum í kjölfar krafanna sem um getur í 4. mgr., þegar tíminn sem liðinn er frá síðustu skoðun sem fór fram í öðru aðildarríki er jafnlangur eða styttri en tíminn milli skoðana sem gildir á þess eigin yfirráðasvæði.

- c) sá sem dreifir varnarefninu og framkvæmir úðunina úr lofti verður að hafa til þess vottorð eins og um getur í 2. mgr. 5. gr. Meðan á umbreytingartímabilinu stendur og vottunarkerfunum hefur ekki enn verið komið á fót er aðildarríkjunum heimilt að samþykkja önnur sönnunargögn um næga þekkingu,

Aðildarríki skulu leitast við að viðurkenna vottorðin sem gefin eru út í öðrum aðildarríkjum, að því tilskildu að farið sé eftir þeim skoðunarmillibílum sem um getur í 1. mgr.

- d) fyrirtækið sem er ábyrgt fyrir að útvega búnað til úðunar úr lofti skal hafa fengið tilskilin réttindi frá lögbæru yfirvaldi til að leyfa búnað og loftför vegna úðunar á varnarefnum úr lofti,

7. Samþykkja skal ráðstafanirnar, sem er ætlað að breyta veigalitlum þáttum þessarar tilskipunar, varðandi breytingar á II. viðauka svo að tekið sé tillit til framfara í vísindum og tækni, í samræmi við reglunefndarmeðferð með grannskoðun sem um getur í 2. mgr. 21. gr.

- e) ef svæðið, sem til stendur að úða, er nálægt svæðum sem almenningur hefur aðgang að skulu sértækar ráðstafanir til áhættustjórnunar vera hluti af samþykkinu til að útiloka skaðleg áhrif á heilbrigði nærstaddra. Svæðið, sem til stendur að úða, má ekki vera nálægt íbúðabyggð,

- f) frá og með 2013 skal loftfarið búið viðbótarbúnaði samkvæmt bestu, fánlegu tækni til að draga úr úðareki.

3. Aðildarríki skulu tilnefna yfirvöld, sem eru lögbær til að mæla fyrir um sértæku skilyrðin fyrir því að úðun úr lofti megi fara fram, til þess að fara yfir beiðni skv. 4. mgr. og til að birta upplýsingar til almennings um nytjaplöntur, svæði, aðstæður og sérstakar kröfur varðandi notkun, þ.m.t. veðurskilyrði þar sem til greina kemur að leyfa úðun úr lofti.

Í samþykkinu skulu lögbær yfirvöld tilgreina þær ráðstafanir sem eru nauðsynlegar til að aðvara íbúa og nærstadda í tæka tíð og að vernda umhverfið í nágrenni við það svæði sem er údað.

4. Aðilar sem vilja nota varnarefni í atvinnuskyni með úðun úr lofti skulu leggja fyrir lögbært yfirvald beiðni um samþykki fyrir notkunaráætlun, ásamt sönnunargögnum sem sýna að skilyrðin sem um getur í 2. og 3. mgr. hafi verið uppfyllt. Leggja skal beiðnina um notkun úðunar úr lofti, í samræmi við samþykktu notkunaráætlunina, fyrir lögbæra yfirvaldið innan tilhlýðilegs tíma. Í henni skulu koma fram upplýsingar um fyrirhugaða tímasetningu úðunarinnar ásamt magni og tegund varnarefna sem notuð verða.

Aðildarríki geta kveðið á um að beiðnir um notkun úðunar úr lofti í samræmi við samþykktu notkunaráætlun, sem ekki berst svar við varðandi það hvaða ákvörðun var tekin innan þess tímabils sem lögbær yfirvöld mæltu fyrir um, skuli teljast samþykktar.

Við sérstakar kringumstæður, t.d. í neyðartilvikum eða við tiltekna erfiðar aðstæður, er heimilt að leggja fram einstaka beiðnir um úðun úr lofti til samþykkis. Í rökstuddum tilvikum skulu lögbær yfirvöld eiga þess kost að hraða málsmeðferð til að sannprófa að skilyrðin, sem um getur í 2. og 3. mgr., hafi verið uppfyllt áður en úðun úr lofti fer fram.

5. Aðildarríki skulu sjá til þess að skilyrðin sem um getur í 2. og 3. mgr. séu uppfyllt með því að láta fara fram viðeigandi vöktun.

6. Lögbær yfirvöld skulu halda skrár yfir beiðnir og samþykktir eins og um getur í 4. mgr. og skulu gera viðeigandi upplýsingar í þeim aðgengilegar almenningi, t.d. svæðið sem til stendur að úða, fyrirhugaða dag- og tímasetningu sem úðunin á að fara fram og tegund varnarefnisins, í samræmi við gildandi lög viðkomandi lands eða Bandalagsins.

10. gr.

Upplýsingar fyrir almenning

Aðildarríkjum er heimilt að setja í landsbundnar aðgerðaáætlanir sínar ákvæði um að veita upplýsingar þeim aðilum sem gætu orðið fyrir váhrifum af úðarekinu.

11. gr.

Sértækar ráðstafanir til að vernda vatnsumhverfið og drykkjarvatn

1. Aðildarríki skulu sjá til þess að viðeigandi ráðstafanir séu gerðar til að vernda vatnsumhverfið og drykkjarvatn fyrir áhrifum af varnarefnum. Þessar ráðstafanir skulu efla og

samrýmast viðeigandi ákvæðum tilskipunar 2000/60/EB og reglugerðar (EB) nr. 1107/2009.

2. Þær ráðstafanir, sem um getur í 1. mgr., skulu fela í sér:

- a) að velja helst varnarefni, sem hvorki eru flokkuð sem hættuleg fyrir vatnsumhverfið samkvæmt tilskipun 1999/45/EB né innihalda hættuleg forgangsefni eins og kveðið er á um í 3. mgr. 16. gr. tilskipunar 2000/60/EB,
- b) að velja helst skilvirkustu notkunaráferðirnar, t.d. þar sem notaður er búnaður sem hefur lítið rek í för með sér, einkum þegar um er að ræða hávaxnar plöntur á borð við humal og plöntur í ávaxta- og vínrékt,
- c) að nota mildandi ráðstafanir sem lágmarka áhættuna á mengun utan staðarins af völdum úðareks, framræslu og afrennslis. Þar á meðal er að koma á fót verndarbeltum af viðeigandi stærð til að vernda vatnalífverur utan markhóps og varðbeltum fyrir yfirborðs- og grunnvatn sem er notað til töku drykkjarvatns, þar sem hvorki má nota né geyma varnarefni,
- d) að draga úr eins og framast er unnt eða útiloka notkun á eða meðfram vegum, járnbrautarsporum, mjög gagndræpum yfirborðum eða öðrum innviðum nálægt yfirborðs- eða grunnvatni, eða á þéttum yfirborðum þar sem mikil áhætta er á afrennslis í yfirborðsvatn eða skólperfi.

12. gr.

Dregið úr notkun varnarefna eða áhættu af þeim á tilteknum svæðum

Aðildarríki skulu, að teknu tilhlýðilegu tilliti til nauðsynlegra krafna um hollustuhætti og lýðheilsu og líffræðilega fjölbreytni, eða til niðurstaðna viðkomandi áhættumats, sjá til þess að notkun varnarefna sé haldið í lágmarki eða hún bönnuð á tilteknum svæðum. Gera skal viðeigandi ráðstafanir við áhættustjórnun og byrja á að athuga hvort nota megi áhættulitlar plöntuverndarvörur, eins og þær eru skilgreindar í reglugerð (EB) nr. 1107/2009, ásamt lífrænum varnar-ráðstöfunum. Tilteknu svæðin sem um er að ræða eru:

- a) svæði sem eru notuð af almenningi eða af viðkvæmum hópum eins og þau eru skilgreind í 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, t.d. almenningsgarðar, íþrótt- og tólmstundasvæði, skólalóðir og leikvöllir, og svæði í næsta nágrenni við heilbrigðisstofnanir,
- b) friðunarsvæði eins og þau eru skilgreind í tilskipun 2000/60/EB, eða önnur svæði sem tilgreind eru í þeim tilgangi að koma á nauðsynlegum varðveisluráðstöfunum, í samræmi við ákvæði tilskipana 79/409/EBE og 92/43/EBE,

- c) nýlega úðuð svæði sem eru notuð af starfsfólki í landbúnaði eða eru því aðgengileg.

13. gr.

Meðhöndlun og geymsla varnarefna og meðferð umbúða þeirra og leifa

1. Aðildarríki skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að eftirtaldar aðgerðir af hálfu þeirra sem nota efnin í atvinnuskyni og dreifingaraðila, eftir atvikum, ógni ekki heilbrigði manna eða umhverfinu:

- a) geymsla, meðhöndlun, þynning og blöndun varnarefna fyrir notkun,
- b) meðhöndlun umbúða og leifa varnarefna,
- c) förgun tankblandna sem eftir eru að lokinni notkun,
- d) hreinsun búnaðarins sem notaður var að lokinni notkun,
- e) endurheimt eða förgun varnarefnaleifa og umbúða þeirra í samræmi við löggjöf Bandalagsins um úrgang.

2. Aðildarríki skulu gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að komast hjá hættulegri meðhöndlun, að því er varðar varnarefni sem eru leyfileg öðrum en þeim sem nota efnin í atvinnuskyni. Þessar ráðstafanir geta falið í sér notkun varnarefna með lítill eiturhrif, samsetningar sem eru tilbúnaðar til notkunar og takmarkanir á stærð íláta og pakkinga.

3. Aðildarríki skulu sjá til þess að geymslusvæði fyrir varnarefni, sem ætluð eru til nota í atvinnuskyni, séu byggð með þeim hætti að komið sé í veg fyrir óæskilega losun. Huga skal sérstaklega að staðsetningu, stærð og byggingarefnum.

14. gr.

Samþættar varnir gegn skaðvöldum

1. Aðildarríki skulu gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að stuðla að vörnum gegn skaðvöldum sem fela í sér litla notkun varnarefna og velja fyrst og fremst aðferðir sem ekki byggjast á notkun efna þannig að þeir sem nota varnarefni í atvinnuskyni skipti yfir í aðferðir og vörur sem hafa í för með sér minnstu áhættuna fyrir heilbrigði manna og umhverfið af þeim sem eru í boði gegn sömu skaðvöldum. Varnir gegn skaðvöldum sem fela í sér litla notkun varnarefna fela m.a. í sér samþættar varnir gegn skaðvöldum ásamt lífrænum búskap samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 834/2007 frá 28. júní 2007 um lífræna framleiðslu og merkingu lífrænna vara ⁽¹⁾.

2. Aðildarríki skulu koma á nauðsynlegum skilyrðum fyrir framkvæmd samþættra varna gegn skaðvöldum eða styðja að þeim verði komið á. Einkum skulu þau sjá til þess að þeir sem nota efnin í atvinnuskyni hafi aðgang að upplýsingum og tækjum til vöktunar á skaðvöldum og ákvarðanatöku, ásamt ráðgjafarþjónustu fyrir samþættar varnir gegn skaðvöldum.

3. Aðildarríki skulu gefa framkvæmdastjórninni skýrslu um framkvæmd 1. og 2. mgr., einkum hvort að nauðsynlegu skilyrðunum fyrir framkvæmd samþættra varna gegn skaðvöldum hafi verið komið á, fyrir 30. júní 2013.

4. Aðildarríki skulu lýsa því í landsbundnum aðgerðaáætlunum sínum hvernig þau sjá til þess að allir, sem nota efnin í atvinnuskyni, komi almennum meginreglum samþættra varna gegn skaðvöldum, sem tilgreindar eru í III. viðauka, til framkvæmda fyrir 1. janúar 2014.

Samþykkja skal ráðstafanirnar, sem er ætlað að breyta veigalitlum þáttum þessarar tilskipunar, varðandi breytingar á III. viðauka svo að tekið sé tillit til framfara í vísindum og tækni, í samræmi við reglunefndarmeðferð með grannskoðun sem um getur í 2. mgr. 21. gr.

5. Aðildarríki skulu koma á viðeigandi hvatningu til að hvetja þá sem nota efnin í atvinnuskyni til að framfylgja, að eigin frumkvæði, viðmiðunarreglum um tiltekna plöntur eða geira fyrir samþættar varnir gegn skaðvöldum. Opinber yfirvöld og/eða samtök sem eru í forsvari fyrir tiltekna aðila sem nota efnin í atvinnuskyni mega taka saman slíkar viðmiðunarreglur. Aðildarríki skulu vísa til þeirra viðmiðunarreglna, sem þau telja viðeigandi og skipta máli, í landsbundnum aðgerðaáætlunum sínum.

V. KAFLI

VÍÐAUKA, SKÝRSLUGJÖF OG UPPLÝSINGASKIPTI

15. gr.

Vísar

1. Ákvarða skal samræmda áhættuvísa eins og um getur í IV. viðauka. Aðildarríkjum er þó heimilt að nota áfram gildandi landsbundna vísa eða samþykkja aðra viðeigandi vísa til viðbótar við þá samræmdu.

Samþykkja skal ráðstafanirnar, sem er ætlað að breyta veigalitlum þáttum þessarar tilskipunar, varðandi breytingar á IV. viðauka svo að tekið sé tillit til framfara í vísindum og tækni, í samræmi við reglunefndarmeðferð með grannskoðun sem um getur í 2. mgr. 21. gr.

⁽¹⁾ Stjútö. ESB L 189, 20.7.2007, bls. 1.

2. Aðildarríki skulu:

a) reikna út samræmda áhættuvíska eins og um getur í 1. mgr. með því að nota tölfraðileg gögn, sem safnað hefur verið í samræmi við löggjöf Bandalagsins varðandi tölfraðilegar upplýsingar um plöntuverndarvörur, ásamt öðrum viðeigandi gögnum,

b) greina leitni í notkun tiltekinna virkra efna,

c) greina forgangsatridi, t.d. virk efni, nytjaplöntur, svæði eða aðferðir, sem krefjast sérstakrar athygli eða góðra starfsvenja sem nota má sem dæmi til að ná markmiðum þessarar tilskipunar um að draga úr áhættu og áhrifum af notkun varnarefna á heilbrigði manna og umhverfið, auk þess að hvetja til þróunar og innleiðingar samþættra varna gegn skaðvöldum og annars konar aðferða eða nálgana sem miða að því að draga úr þörf fyrir notkun varnarefna.

3. Aðildarríki skulu tilkynna framkvæmdastjórninni og öðrum aðildarríkjum um niðurstöður matsins, sem framkvæmt er skv. 2. mgr., auk þess að gera þær upplýsingar aðgengilegar almenningi.

4. Framkvæmdastjórnin skal reikna út áhættuvíska á vettvangi Bandalagsins með því að nota tölfraðileg gögn sem safnað er í samræmi við löggjöf Bandalagsins varðandi tölfraðilegar upplýsingar um plöntuverndarvörur og önnur viðeigandi gögn til þess að meta leitni í áhættu af notkun varnarefna.

Framkvæmdastjórnin skal einnig nota þessi gögn og þessar upplýsingar til að meta hvernig gengur að ná markmiðum annarra stefna Bandalagsins sem er ætlað að draga úr áhrifum varnarefna á heilbrigði manna og á umhverfið.

Niðurstöðurnar skulu gerðar aðgengilegar almenningi á vefsetrinu sem um getur í 4. mgr. 4. gr.

16. gr.

Skýrslugjöf

Framkvæmdastjórnin skal reglulega leggja fyrir Evrópuþingið og ráðið skýrslu um framvindu framkvæmdar þessarar tilskipunar, ásamt tillögum að breytingum, eftir því sem við á.

VI. KAFLI

LOKAÁKVÆÐI

17. gr.

Viðurlög

Aðildarríkin skulu ákveða viðurlög við brotum gegn lagaákvæðum hvers lands um sig sem eru samþykkt samkvæmt

þessari tilskipun og gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að þeim sé beitt. Viðurlögin, sem kveðið er á um, skulu vera skilvirk, í réttu hlutfalli við brotið og letjandi.

Aðildarríkin skulu tilkynna framkvæmdastjórninni um þessi ákvæði fyrir 26. nóvember 2012 og skulu tilkynna henni, án tafar, um hvers konar breytingar sem síðar verða á þeim.

18. gr.

Skipti á upplýsingum ásamt bestu starfsvenjum

Framkvæmdastjórnin skal leggja til að sérfræðingahópurinn um þemaáætlun fyrir sjálfbæra notkun varnarefna leggi áherslu á að ræða skipti á upplýsingum ásamt bestu starfsvenjum á sviði sjálfbærrar notkunar varnarefna og samþættra varna gegn skaðvöldum.

19. gr.

Þóknanir og gjöld

1. Aðildarríkjum er heimilt að endurheimta kostnaðinn við hvers kyns vinnu vegna skuldbindinga sem kveðið er á um í þessari tilskipun með þóknun eða gjaldi.

2. Aðildarríki skulu sjá til þess að þóknanir eða gjöld, sem um getur í 1. mgr., séu ákveðin á gagnsæjan hátt og samsvari raunverulegum kostnaði við vinnuna sem um er að ræða.

20. gr.

Stöðlun

1. Setja skal staðlana, sem um getur í 4. mgr. 8. gr. þessarar tilskipunar, í samræmi við málsmeðferðina sem kveðið er á um í 3. mgr. 6. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 98/34/EB frá 22. júní 1998 sem setur reglur um tilhögun upplýsingaskipta vegna tæknilegra staðla og reglugerða sem og reglna um þjónustu í upplýsingasamfélaginu (¹).

Hægt er að semja beiðnina um þróun þessara staðla í samráði við nefndina sem um getur í 1. mgr. 21. gr.

2. Framkvæmdastjórnin skal birta tilvísanir staðlanna í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.

(¹) Stjtuð. EB L 204, 21.7.1998, bls. 37.

3. Ef aðildarríki eða framkvæmdastjórnin telur að samhæfður staðall fullnægi ekki að öllu leyti kröfunum sem falla undir hann og sem settar eru fram í II. viðauka skal framkvæmdastjórnin eða hlutaðeigandi aðildarríki leggja málið fyrir nefndina sem komið var á fót með 5. gr. tilskipunar 98/34/EB og greina frá ástæðunum fyrir því. Nefndin skal, að höfðu samráði við viðkomandi evrópskar staðlastofnanir, skila álitinu sínu án tafar.

Framkvæmdastjórnin ákveður, á grundvelli álits nefndarinnar, að birta, birta ekki, birta með takmörkunum, viðhalda, viðhalda með takmörkunum eða draga til baka tilvísanir í viðkomandi samhæfðan staðal í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Framkvæmdastjórnin skal veita viðkomandi evrópskri staðlastofnun upplýsingar og, ef nauðsyn krefur, óska eftir endurskoðun á viðkomandi samhæfðum stöðlum.

21. gr.

Nefndarmeðferð

1. Framkvæmdastjórnin skal njóta aðstoðar fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra, sem komið var á fót með 58. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 178/2002 frá 28. janúar 2002 um almennar meginreglur og kröfur samkvæmt lögum um matvæli, um stofnun Matvælaöryggisstofnunar Evrópu og um málsmeðferð vegna öryggis matvæla⁽¹⁾.

2. Þegar vísað er til þessarar málsgreinar gilda ákvæði 1.–4. mgr. 5. gr. a og 7. gr. ákvörðunar 1999/468/EB með hliðsjón af ákvæðum 8. gr. hennar.

22. gr.

Útgjöld

Framkvæmdastjórninni er heimilt, í því skyni að styðja innleiðingu samræmdrar stefnu og kerfa á sviði sjálfbærrar notkunar varnarefna, að fjármagna:

a) þróun samræmds kerfis, sem felur í sér viðeigandi gagnagrunn til að safna öllum upplýsingum sem tengjast áhættuvísun varnarefna og geyma þær, og að gera slíkar upplýsingar aðgengilegar lögbærum yfirvöldum, öðrum hagsmunaaðilum og almenningi,

- b) framkvæmd rannsókna sem eru nauðsynlegar til að undirbúa og þróa löggjöf, þ.m.t. aðlögun viðaukanna við þessa tilskipun að tækniframförum,
- c) þróun leiðbeininga og bestu starfsvenja til að auðvelda framkvæmd þessarar tilskipunar.

23. gr.

Lögleiðing

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórn-sýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 26. nóvember 2011.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessar ráðstafanir skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þær eru birtar opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

24. gr.

Gildistaka

Tilskipun þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

25. gr.

Viðtakendur

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Strassborg 21. október 2009.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,

J. BUZEK

forseti.

Fyrir hönd ráðsins,

C. MALMSTRÖM

forseti.

⁽¹⁾ Stjútíð. EB L 31, 1.2.2002, bls. 1.

*I. VIÐAUKI***Viðfangsefni þjálfunar sem um getur í 5. gr.**

1. Öll viðeigandi löggjöf sem varðar varnarefni og notkun þeirra.
2. Tilvist ólögmatra (falsaðra) plöntuverndarvara og áhættan af þeim, auk aðferða við að bera kennsl á slík efni.
3. Hætturnar og áhættan sem fylgir varnarefnum og hvernig skal bera kennsl á þær og hafa stjórn á þeim, einkum:
 - a) áhætta sem steðjar að mönnum (þeim sem dreifa varnarefninu, íbúum, vegfarendum, fólki sem fer inn á úðuð svæði og meðhöndlar eða borðar meðhöndlaðar vörur) og það hvernig þættir á borð við reykingar auka þessa áhættu,
 - b) einkenni eitrunar af völdum varnarefna og ráðstafanir í skyndihjálp,
 - c) áhætta sem steðjar að plöntum utan markhópa, nytsamlegum skordýrum, villtum lífverum, líffræðilegri fjölbreytni og umhverfinu almennt.
4. Hugmyndir um áætlanir og aðferðir varðandi samþættar varnir gegn skaðvöldum, áætlanir og aðferðir varðandi samþætta stjórnun við ræktun, meginreglur lífræns búskapar, lífrænar aðferðir við að verjast skaðvöldum, upplýsingar um meginreglur auk viðmiðunarreglna um tiltekna plöntur eða geira fyrir samþætta varnir gegn skaðvöldum.
5. Kynning á samburðarmati meðal notenda til að auðvelda notendum efnanna í atvinnuskyni að velja hentugustu varnarefnin, sem hafa sem minnstar aukaverkanir á heilbrigði manna, á lífverur utan markhóps og á umhverfið af öllum leyfilegum eignum gegn tilteknum skaðvöldum, við tiltekna aðstæður.
6. Ráðstafanir til að lágmarka áhættu fyrir menn, fyrir lífverur utan markhóps og fyrir umhverfið: öruggar vinnuáferðir við geymslu, meðhöndlun og blöndun varnarefna og förgun tómrar umbúða, annarra mengaðra efna og umframvarnarefna (þ.m.t. tankblöndur), hvort sem er í þykktu eða þynntu formi, og aðferðir sem mælt er með til að stýra váhrifum á þá sem dreifa varnarefninu (persónuhlífar).
7. Nálganir, byggðar á áhættumati, sem taka tillit til staðbundinna breyta að því er varðar vatnsútdrátt, t.d. loftslag, tegundir jarðvegs og plantna, og hæðarmunur.
8. Verklagsreglur við að undirbúa búnað fyrir notkun varnarefna undir notkun, þ.m.t. að kvarða hann, og við að nota hann þannig að því fylgi sem minnst áhætta fyrir notandann, aðra menn, tegundir dýra og plantna sem ekki eru marktægundir, líffræðilega fjölbreytni og umhverfið, þ.m.t. vatnsauðlindir.
9. Notkun og viðhald búnaðar fyrir notkun varnarefna, ásamt tilteknum úðunaraðferðum (t.d. úðun í litlu magni og notkun stúta sem hafa lítið rek í för með sér), auk markmiða tæknilegs eftirlits með úðadælum sem eru í notkun og aðferða við að gera úðun skilvirkari. Tilteknir áhættuþættir sem tengjast notkun á búnaði fyrir notkun varnarefna, handúðadælu sem er borin í hendi eða úðadælu sem er borin á baki, og viðeigandi áhættustjórnunarráðstafanir.
10. Neyðaraðgerðir til að vernda heilbrigði manna og umhverfið, þ.m.t. vatnsauðlindir, ef leki eða mengun fyrir slysi eða veðurhamfarir, sem myndu hafa í för með sér áhættu á útskolun varnarefna, eiga sér stað.
11. Sérstök aðgát á verndarsvæðum sem komið var á fót með 6. og 7. gr. tilskipunar 2000/60/EB.
12. Heilbrigðiseftirlit og aðstaða til að tilkynna um hvers kyns atvik, eða atvik sem grunur leikur á um.
13. Skráahald yfir alla notkun varnarefna, í samræmi við viðeigandi löggjöf.

II. VIÐAUKI

Heilbrigðis-, öryggis- og umhverfiskröfur varðandi skoðun á búnaði fyrir notkun varnarefna

Skoðun á búnaði fyrir notkun varnarefna skal taka til allra þátta sem eru nauðsynlegir til að tryggja mikið öryggi og öfluga vernd fyrir heilbrigði manna og umhverfið. Tryggja skal að notkunin sé fyllilega skilvirk með því að ganga úr skugga um að búnaðurinn og íhlutir hans starfi rétt, þannig að eftirfarandi markmiðum sé örugglega náð.

Búnaðurinn fyrir notkun varnarefna verður að starfa eðlilega og nauðsynlegt er að nota hann rétt í samræmi við fyrirhugaðan tilgang hans til að tryggja rétta skömmtnun og dreifingu varnarefna. Búnaðurinn verður að vera í slíku ásigkomulagi að hægt sé að fylla og tæma hann á öruggan, auðveldan og fullnægjandi hátt, og að varnarefni leki ekki úr honum. Nauðsynlegt er að hægt sé að þrifa hann auðveldlega og vandlega. Hann skal einnig vera öruggur í notkun auk þess sem honum skal stjórnað, og hægt að stöðva hann án tafar, úr sæti stjórnandans. Ef nauðsynlegt er að gera breytingar á búnaðinum skulu þær vera einfaldar, nákvæmar og þess eðlis að hægt sé að endurskapa þær.

Sérstök áhersla skal lögð á eftirfarandi atriði:

1. Aflyfjarslulhutar

Hlífin á drifskafinu fyrir aflúttak og hlífin á aflinntakstenginu verða að vera festar og í góðu ásigkomulagi, og hlífðarbúnaður og hvers kyns aflyfjarslulhutar, sem eru hreyfanlegir eða snúast, verða að virka eðlilega svo að öryggi stjórnandans sé tryggt.

2. Dæla

Afkastageta dælnnar skal vera í samræmi við þarfir búnaðarins og dælan verður að virka eðlilega svo hægt sé að tryggja stöðugt og eðlilegt umfang notkunar. Dælan má ekki leka.

3. Hristing

Hristarar verða að tryggja eðlilega hringrás í því skyni að gera alla úðablönduna sem er í tankinum jafn þykka.

4. Tankur undir úðavökva

Úðunartankar, þ.m.t. álestartæki fyrir tankinnihald, áfyllingarbúnaður, sigti og síur, losunar- og skolunarkerfi og blöndunarbúnaður, skulu virka með þeim hætti að sem minnst hellist niður fyrir slysi og að dreifingu með ójöfnum styrkleika, váhrifum á notendur og afgangsmagni sé haldið í lágmarki.

5. Mælikerfi, eftirlits- og stjórnkerfi

Allur búnaður til að mæla, kveikja og slökkva á og stilla þrýsting og/eða streymi skal vera rétt kvarðaður og virka eðlilega, og hann má ekki leka. Auðvelt skal vera að stjórna þrýstingi og þrýstingsstillingarbúnaði meðan á notkun stendur. Þrýstingsstillingarbúnaður skal viðhalda stöðugum vinnuþrýstingi við stöðugan snúning dælnnar í því skyni að tryggja stöðugan úðunarhraða.

6. Rör og slöngur

Rör og slöngur skulu vera í góðu ásigkomulagi til að komast megi hjá röskun á flæði vökva eða að hann hellist niður fyrir slysi ef bilun verður. Rör og slöngur mega ekki leka, jafnvel þegar kerfið er starfrækt við mesta hugsanlega álag.

7. Síun

Síur skulu vera í góðu ásigkomulagi og möskvastærð síanna skal samsvara stærð stútanna, sem eru festir á úðadæluna, í því skyni að komast hjá því að úðunarmynstrin verði skrykkjótt og misleit. Viðvörunarkerfið sem segir til um hvort síur séu stíflaðar skal virka eðlilega, eftir því sem við á.

8. Úðunarbóma (fyrir búnað sem dreifir varnarefnum með bómu sem er komið fyrir í láréttri stöðu og sem er staðsettur nálægt plöntunum eða efninu sem til stendur að úða).

Úðunarbóman verður að vera í góðu ásigkomulagi og stöðug, óháð því í hvaða átt hún vísar. Festingar- og stillibúnaðurinn, sem og búnaðurinn til að deyfa óviljandi hreyfingar og bæta upp halla, skulu virka eðlilega.

9. Stútar

Stútar verða að virka eðlilega til að komast megi hjá vætli þegar úðun er hætt. Til að tryggja einsleitt úðamynstur skal streymið sem kemur úr hverjum stút ekki víkja verulega frá þeim gögnum sem koma fram í streymistöflunum sem framleiðandinn útvegar.

10. Dreifing

Dreifa skal úðablöndunni jafnt á þverveginn og lóðrétt (ef um er að ræða dreifingu yfir hávaxnar plöntur) innan marksvæðisins, eftir því sem við á.

11. Blásari (fyrir búnað sem dreifir varnarefnum með aðstoð loftstraums)

Blásarinn verður að vera í góðu ásigkomulagi og tryggja stöðugt og áreiðanlegt loftstreymi.

*III. VIÐAUKI***Almennar meginreglur um samþættar varnir gegn skaðvöldum**

1. Til að verjast skaðlegum lífverum og útrýma þeim má nota eða styðjast við ýmsar aðferðir, einkum:
 - skiptiræktun,
 - notkun fullnægjandi ræktunaraðferða (t.d. sáning í sáðbeð eftir að spíruðu illgresi hefur verið eytt eftir föngum, sáningardagsetning og þéttleiki sáningar, skjólsáning, lágmarksjarðvinnsla, kvistun og bein sáning),
 - notkun þolinna ræktunaraðferða og staðlaðs/vottaðs fræs og plöntunarefnis, eftir því sem við á,
 - notkun jafnrar frjóvgunar, kölkunar og áveitu/framræslu,
 - að koma í veg fyrir útbreiðslu skaðlegra lífvera með hreinlætisráðstöfunum (t.d. með því að hreinsa reglulega vélar og búnað),
 - verndun og styrking mikilvægra, gagnlegra lífvera, t.d. með fullnægjandi plöntuverndarráðstöfunum eða notkun vistfræðilegra innviða innan og utan framleiðslustaða.
2. Hafa skal eftirlit með skaðlegum lífverum og nota til þess fullnægjandi aðferðir og áhöld, þar sem þeirra nýtur við. Til slíkra fullnægjandi aðferða skal telja vettvangsathuganir auk vísindalega traustra viðvörunar-, spá- og snemmgreiningarkerfa, ef mögulegt er, ásamt því að styðjast við álit faglegra ráðgjafa.
3. Þeir sem nota efnin í atvinnuskyni verða að ákveða, á grundvelli niðurstaðna vöktunarinnar, hvort og hvenær skuli beita plöntuverndarráðstöfunum. Traust viðmiðunargildi, studd vísindalegum rökum, eru nauðsynleg þegar kemur að ákvarðanatökunni. Þegar skaðlegar lífverur eiga í hlut skal taka tillit til viðmiðunargilda sem hafa verið skilgreind fyrir viðkomandi landsvæði, tiltekin svæði, plöntur og sérstök veðurfarsskilyrði áður en úðun fer fram, ef mögulegt er.
4. Sjálfbærar lífrænar, eðlisfræðilegar og aðrar aðferðir, sem ekki byggjast á notkun efna, skulu hafa forgang fram yfir efnafræðilegar aðferðir, svo framarlega sem þær veita viðunandi vernd gegn skaðvöldum.
5. Varnarefnin sem notuð er skulu vera eins nákvæmlega aðlöguð að viðkomandi markplöntum og hægt er, og skulu hafa sem minnstar aukaverkanir á heilbrigði manna, á lífverur utan markhópsins og á umhverfið.
6. Aðilar sem nota efnin í atvinnuskyni skulu halda notkun varnarefnanna og annars konar íhlutunar innan marka þess sem telst nauðsynlegt, t.d. með því að minnka skammta, draga úr tíðni notkunar eða nota aðeins að hluta til, að teknu tilliti til þess að áhættan sem stæðjar að gróðri er ásættanleg og að þessi íhlutun auki ekki áhættuna á að stofnar skaðlegra lífvera myndi þol gegn efnunum.
7. Í þeim tilvikum þegar áhætta á myndun þols gegn plöntuverndarráðstöfun er þekkt og þar sem magn skaðlegra lífvera er slíkt að það útheimtir að varnarefni sé notað ítrekað á plönturnar skal beita tiltækum úrræðum gegn þoli til að viðhalda skilvirkni efnanna. Þetta getur falið í sér að nota margar tegundir varnarefna sem hafa mismunandi verkun.
8. Aðilar sem nota efnin í atvinnuskyni skulu, á grundvelli þess sem stendur í skráum um notkun varnarefna og um vöktun skaðlegra lífvera, kanna árangur þeirra plöntuverndarráðstafana sem beitt hefur verið.

IV. VIÐAUKI

Samræmdir áhættuvísar
